

B.t.

Bygginga- og skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Axel R. Överby

Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði

Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Hér með eru gerðar athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Í neðangreindum texta er að finna athugasemdir í nokkrum liðum.

1. Villandi og óréttlát málsmeðferð í garð almennings

Hér með eru **gerðar alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem viðhafin voru á vinnslustigi máls**, sem gerðu almenningi illa kleift að fylgjast með raunverulegum málavöxtum og umfangi fyrirhugaðra breytinga á viðkvæmu og sögulegu svæði.

Í því ljósi eru dregin fram atriði úr málsmeðferð sem teljast varhugaverð í opinberri stjórnsýslu.

1.1. Forsendur skipulagsbreytinga

Á 499. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar frá 23. maí 2018 tekur nefndin fyrir málið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049**, þar leggur nefndin til við bæjarstjórn að heimila deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar **stækkunar Eyrarskjóls**. Fylgiskjöl með máli eru grunnmynd og útlit og skurður af Eyrarskjóli.

Tillagan er tekin fyrir á 419. bæjarstjórnarfund í Ísafjarðarbæjar 7. júní 2018 og ber málið heitið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049**. Þar tekur til máls Sigurður J. Hreinsson, sem einnig sat sem formaður skipulags- og mannvirkjanefndar á 499. fundi nefndarinnar og má því ætla að hann hafi greinagóða þekkingu á umræddu máli.

„ ... Um er að ræða nauðsynlega deiliskipulagsbreytingu vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Eyrarskjóli. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er byggingareitur á lóðinni bara nákvæmlega sá sami og útveggir núverandi húsnæðis eru og því verður ekki hjá því komist að gera á þessu smá bragarbót. Um er að ræða þá að taka þarf væntanlega lóðina sem um ræðir og geri ég ráð fyrir að það verði ekki-/nái ekki langt út fyrir það“ (Sigurður J. Hreinsson, 7. júní 2018).

Athugasemdir undirritaðra ná til þess að í heiti máls, **tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar** og **umræðu á bæjarstjórnarfund** eru villandi forsendur skipulagsbreytinga í garð almennings, þar sem umrætt skipulag fer langt fram úr þeim tilhögunum sem eru myndaðar í upphafi málsmeðferðar. Í tillögu og umræðu er ekki annað að greina en að markmið skipulagsbreytinga nái aðeins til lóðamarka Eyrarskjóls og skuli vera óverulegar samkvæmt *Skipulagslögum nr. 123/2010*.

Tillaga sem nú er auglýst hefur miklu viðameiri breytingar í för með sér heldur en forsendur skipulagsbreytinga gefa tilefni til. Það er því gert alvarleg athugasemd við að skipulags- og mannvirkjanefnd hafi farið fram úr valdi sínu með tillögu að gerð 1198,8 m² byggingalóðar á Túngötu, við hlið Safnahúss á hverfisvernduðu svæði. Það telst til skammar að málið skuli vera í þessum farvegi án þess að búið sé að gera grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd, götumynd, byggðamynstur og menningarminjar. Hvergi er að finna forsendur sem að skýra tilhögun 599,4 m² húsnæðis sem skuli tengjast Safnahúsi á vernduðu svæði sem telst til helstu bæjareinkenna Ísafjarðarbæjar. Ber þá helst að nefna að þörf fyrir slíkt húsnæði er hvergi að finna í *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020*.

1.2. Nafngift skipulags í málsmeðferð

Gerðar eru sérstaklega alvarlegar athugasemdir við að **misræmi sé í nafngift á skipulagsbreytingu í málsmeðferð**. Deiliskipulagið tekur á sig þrjú mismunandi nöfn við vinnslu málsins. Óskað er eftir skýringum á slíkum vinnubrögðum og að Ísafjarðarbær geri grein fyrir þeim áhrifum sem slíkt hefur á gagnsæi í ákvörðunartöku. Það sé ekki ásættanlegt fyrir íbúa að villandi nafngift á skipulagstillögum hamli þeim í að eiga tækifæri á að vera upplýst um framvindu áætlana Ísafjarðarbæjar.

Til rösktuðnings er vitnað í fundargerðir Ísafjarðarbæjar:

499. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar, frá 23.maí 2018, fjallar um í fimmta lið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049**, vegna fyrirhugaðrar stækkunar **Eyrarskjóls**.

419. bæjarstjórnarfundur 7. júní 2018, fjallar um í fyrsta lið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049** og samþykkir tillögu að deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar stækkunar **Eyrarskjóls**.

503. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar 29. ágúst 2018 fjallar um í sjöunda lið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049**. Þar eru lögð fram til kynningar frumdrög að nýju **deiliskipulagi fyrir Eyrartún**. Tillaga sem fylgir í fylgiskjölum er merkt **Eyrin, reitur 2 – Eyrartún, Deiliskipulagsbreyting**.

505. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar 26. september 2018 fjallar um í þriðja lið **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049** og leggur fram tillögu að **deiliskipulagsbreytingu við Eyrartún**. Uppdráttur sem fylgir er merktur **Eyrin, reitur 2 – Eyrartún, Deiliskipulagsbreyting**.

Þess má geta að enn annað nafnið er notað við auglýsingu á skipulagsbreytingunni: Tillaga að breytingu á **deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ**.

1.3. Skortur á gagnsæi

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við skort á gagnsæi sem einkennir málsmeðferð á **skipulagsbreytingunni**. Fundargögn voru seinfengin og lítið er til grundvallar ákvarðana í opinni umræðu.

Vakin er athygli á því að á 505. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn er **26. september 2018 kl. 08:00 til 08:39** í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsini á Ísafirði eru engin ný gögn lögð fyrir fundinn sem nefndarmenn hefðu ekki kynnt sér áður en að til afgreiðslu mála kom. Í þessu samhengi þykir það alveg einstakt dæmi að deiliskipulagsuppdráttur með greinagerð, frá Verkís dags. **26.09.2018** sé svo árla morguns til afgreiðslu hjá nefndarmönnum, sem eftir öllu ættu að hafa haft tækifæri til þess að kynna sér fundargögn áður en til fundar kom.

Sömu fundargögn 505. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem fólu í sér verulegar breytingar á skipulagi á afar viðkvæmu svæði voru **ekki aðgengileg í fundargátt** Ísafjarðarbæjar fyrr en sérstaklega var óskað eftir þeim með tölvupósti til byggingafulltrúa.

Gögnin voru fyrst aðgengileg þann 2. október 2018, en á þeim tímapunkti hafði málið þegar fengið umræðu innan bæjarráðs og var á leið til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.

Til stuðnings við skort á gagnsæi í opinberri stjórnsýslu má einnig taka til greina **aðför að aðgengi íbúa að upplýsingum** um 423. bæjarstjórnarfund sem haldinn var 4. október 2018. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. í *sveitastjórnarlögum nr. 138/2011* er þannig sérstaklega mælt til um boðun og auglýsing funda að „Íbúum sveitarfélags skal kunnbert með opinberri auglýsingu hvar og hvencær sveitarstjórn heldur fundi. Einnig skal sveitarstjórn birta opinberlega innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn fundarboð og dagskrá fundar, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi“. Viðeigandi tímafrestur til auglýsingar sem vitnað er í vegna viðkomandi fundar eru 2 sólahringar. Auglýsing um 423. bæjarstjórnarfund og dagskrá hans var fyrst aðgengileg íbúum á vef Ísafjarðarbæjar rétt fyrir hádegi á þeim degi sem fundur var haldinn kl.17. Það skal kunnbert hér að ábending um boðun fundar var send á og móttekin af Guðmundi Gunnarssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, fyrir fundarhöld án þess að hafa nokkuð aðhafst.

Gerð er alvarleg athugasemd við að tillaga sem sett er fram í fundargerð 423. bæjarstjórnarfundar og þar samþykkt með 9-0 atkvæðum sé í algjöru ósamræmi og illa lýsandi fyrir þær skipulagsbreytingar sem í raun er verið að stíga á stökk með. Neðangreind tillaga er bókuð í fundargerð bæjarstjórnar 4. október 2018:

„Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049. Tillaga 505. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 26. september sl., um að heimila að greinagerð og uppdráttur frá Verkis dags. 26.09.2018, vegna viðbyggingar við leikskólann Eyrarskjól, verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010“.

Þó svo að tillaga skipulags- og mannvirkjanefndar af 505. fundi nefndarinnar sem hljóðar öðrum orðum sé sett sem fylgigagn með fundarlið, er ekki þar með talið að það sé með bestum hætti verið að upplýsa íbúa um áætlanir Ísafjarðarbæjar. Breytingartillagan sem nú er auglýst hefur í för með sér verulegar breytingar á vernduðu svæði sem geta haft óafturkræf áhrif á svæðið og nánasta umhverfi þess. Því er skylda bæjarstjórnar enn sterkari gagnvart íbúum að hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, gagnsæi í ákvörðunartöku og hafa hagsmuni Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi í öllum störfum.

2. Ósamræmi tillögu við gildandi Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að tillögur í auglýstu deiliskipulagi séu í ósamræmi við gildandi *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020*, sér í lagi sem snúa að byggingarreit við Túngötu 10 þar sem gert er ráð fyrir geymslu eða öðru tengdu starfsemi Safnahúss.

Ákvæði í gildandi aðalskipulagi um byggð í sveitarfélaginu hafa það að markmiði að skapað verði umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn, m.a. með varðveislu menningarverðmæta. Svo sem varðveislu á menningar- og búsetuminjum, en þar má nefna Safnahúsið sem rætt er um sem Gamla sjúkrahúsið. Markmiðið er að vernda búsetuminjarminjar, en þær geyma upplýsingar um sögu menningar svæðisins, einkum búskaparhætti, byggingarlag og lifnaðarhætti fyrri tíma. Íbúar og gestir eiga að geta notið þeirrar menningar og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins.

Enn fremur segir í aðalskipulagi að leitast skuli við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Áhersla er lögð á verndun staða sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og verndun mannvirkja sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Það er ekki hjá því komist að tengja Eyrartún, Safnahús og Túngötu í heild sinni við merka atburði í sögu Íslendinga. Þar sem heildstæð mynd á þeirri byggð var hluti af fyrsta lögformlega skipulagi Íslands. **Byggingar á þessu svæði eru eitt af einkennum byggðarinnar á Ísafirði þar sem frumkvöðlar í byggingarlist settu mark sitt á umhverfið.** Það var til marks um framsýni og stórhug, sem nú er af skornum skammti í tillögum Ísafjarðarbæjar að skipulagsbreytingu við Eyrartún.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi ber Ísafjarðarbæ að meta það sérstaklega á hverfisvernduðum svæðum hvort leita skuli umsagnar Fornleifarverndar ríkisins, en starfsemi hennar fellur nú til dags undir starf **Minjastofnunar**, ef breyta skuli minjum um byggð og búskaparhætti frá því fyrir 1950. Þar sem um ræðir svo viðkvæmt og sögulegt svæði **er hér með óskað eftir að Minjastofnun fái tækifæri til þess að veita málinu umsögn.** Minjastofnun starfar meðal annars eftir *lögum um menningarminjar nr. 180/2002*, þar sem hlutverk hennar er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Fram kemur í gildandi aðalskipulagi að við allt viðhald á svæðum menningar- og búsetuminja skuli verndarmarkmið aðalskipulags haft að leiðarljósi og til að tryggja að tillit verði tekið til búsetuminja skuli Ísafjarðarbær jafnframt meta áhrif framkvæmda í sérstakri greiningu á

áhrifum, samhliða deiliskipulagi. Í þessu ljósi er vert að vekja athygli á því að enn sem komið er í ferli málsins er vart minnst á þau áhrif sem geta fylgt breytingunum sem lagðar eru upp í tillögu að nýju deiliskipulagi.

Athugasemdir undirritaðra ná til þess að tillögur í auglýstu deiliskipulagi séu í ósamræmi við markmið byggðar í þéttbýli um að **sérkenni og yfirbragð byggðar fái að njóta sín**. Þær hugmyndir um að reisa 599,1 m² byggingu á verndarsvæði hafa veruleg áhrif á sýnd, götumynd, sérkenni og yfirbragð byggðar. Það hefur enga stoð undir sér að slík bygging eigi eftir að falla vel að umhverfi og heildarmynd byggðarinnar. Enn frekar er lögð áhersla á í gildandi aðalskipulagi að unnið skuli „*markvisst að því að yfirbragð miðsvæða verði sem líkast því sem það var á fyrsta hluta 20. aldar en nýrri hverfi fá að þróast í takt við tíðaranda síðari tíma*”.


Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að í vinnslu tillögu séu áherslur gildandi aðalskipulags vanvirtar. Þar með taka tillögur nýbyggingar ekki mið af stærðum og hlutföllum eldri húsa í umhverfinu né sé tekið mið af sögulegum arfi eins og brýnt er fyrir í aðalskipulagi. Því er sérstaklega veitt athygli að í auglýstri tillögu deiliskipulagsbreytinga er ákvæðum hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi gefinn lítil gaumur er snúa að yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu og hlutfalla. En sérstök ákvæði hvíla á því hverfisverndaða svæði sem tillagan nær til: „*við allar breytingar og nýbyggingar húsa skal vernda heilleika bygginga og taka mið af yfirbragði byggðar, staðsetningar á lóð, byggingarmagns á svæðinu, hlutfalla, hæðar, þakforma, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits, s.s. glugga, girðinga og annarra mannvirkja á lóð*“.

Gerðar er alvarlegar athugasemdir við að málsmeðferð skipulagsáætlunar hafi ekki falið í sér tækifæri fyrir á vinnslustigi máls fyrir íbúa og almenning til þess að hafa aðkomu að málinu. Eins kemur fram í gildandi aðalskipulagi er hverfisverndinni: „*ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hagsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og á sýnd þess. Þó ákvæðin séu afgerandi hvað varðar útlit húsa, þá mun traustur grunnur efla þróunarmöguleika alls sveitarfélagsins, sbr. umræðu í kafla 7.4.1 um yfirbragð byggðar.*“ Það ber að tryggja aðkomu almennings í **ákvörðunartökufarli**. Ísafjarðarbær varpar fram tillögu sem hann telur nánast fullmótaða og í senn gefur þá mynd sem hann vill sjá á svæðinu. Ferli ákvarðana er þá langt á veg komið og telst aðkoma almennings dræm. Á tilteknu verndarsvæði sem geymir menningarsögu þjóðar hefur almenningur fullt tilkall til þess að gera kröfu á vönduð og ígrunduð vinnubrögð Ísafjarðarbæjar sem **eiga að hafa hagsmuni íbúa að leiðarljósi**. Það sannast hér að villandi forsendur, breytilegt nafngift áætlana og hula yfir málsmeðferð er

Ísafjarðarbæ ekki til uppdráttar og **hefur áhrif á tækifæri almennings til að hafa aðkomu að málinu.**

Í gildandi aðalskipulagi er fjallað um söfn og menningarhús undir kaflanum *Menning*. Þar kemur fram að aðalbókasafn Ísafjarðarbæjar sé í Safnahúsinu á Eyrartúni, eða gamla sjúkrahúsinu, ásamt lista-, ljósmynda- og héraðsskjalasafni. Það ætti því að teljast best á kosið að fjalla um starfsemi tengda Safnahúsi í sama máli og gert er í aðalskipulagi, sem menningartengda starfsemi. En Safnahúsi er lýst sem menningarhúsi í Ísafjarðarbæ. **Gerð er alvarleg athugasemd** við tillögu skipulagsbreytinga sem með tilhögun byggingarreits undir starfsemi Safnahúss gangi þvert á það sem kemur skýrt fram í gildandi aðalskipulagi um að ekki sé: „*sérstök þörf á nýjum byggingum fyrir menningarstarfsemi. Mikilvægast er að standa vörð um þá starfsemi sem þegar er til staðar og hlúa að nýjum hugmyndum*“.

Að öðru leyti er gerð athugasemd við að tilhögun byggingarreits við Túngötu 10 nær til **mismunandi landnotkunar** samkvæmt *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020*. Þegar rýnt er í **Mynd 1**, sem sýnir þéttbýlisuppdrátt, sér glöggt auga að fyrirhuguð lóðamörk samkvæmt tillögu um deiliskipulagsbreytingu fyrir byggingarreit við Túngötu 10 gangi talsvert út fyrir reit Þ12. En reitur Þ12 afmarkar svæði fyrir þjónustustofnanir. Það telst því ekki ásættanlegt að lagt sé til að lóð við Túngötu 10 fari lengra inn á Eyrartún en sem mörk gefa til kynna í gildandi aðalskipulagi.



Mynd 1: Nærmynd af Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Þéttbýlisuppráttur

3. Kynning og samráð

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ er auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, þar segir meðal annars að það skuli fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við aðferðir í málsmeðferð er snerta kynningu og samráð í samræmi við ákvæði í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Því til rökstuðnings er vitnað í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

5.2. gr.

Kynning og samráð við gerð deiliskipulags.

5.2.1. gr.

Samráð og samráðsaðilar.

Við gerð deiliskipulags skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, umsagnaraðila og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virkri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila gegnum allt skipulagsferlið. Séð skal til þess að upplýsingar um skipulagsferlið og gögn sem varða skipulagsgerðina séu aðgengileg á vinnslutímanum. Hafri skal samráð við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til og kveðið er á um í öðrum lögum. Ef tillaga að deiliskipulagi eða tillaga

að breytingu á því tekur til svæðis sem liggur að lóðamörkum, landamörkum eða sveitarfélagamörkum skal haft samráð við eiganda þess lands, lóðarhafa eða viðkomandi sveitarfélag áður en tillagan er samþykkt til auglýsingar. Kostnaður sem hlýst af kynningu í aðliggjandi sveitarfélagi greiðist af því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á tillögunni.

5.6. gr.

Kynning og auglýsing deiliskipulagstillögu.

5.6.1. gr.

Kynning deiliskipulagstillögu.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti, svo sem með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli og/eða með dreifibréfi. Ef tillagan varðar hagsmunaaðila utan sveitarfélagsins skal birta auglýsingu um kynninguna í blaði sem dreift er á landsvísu og/eða í útvarpi, sjónvarpi eða á annan fullnægjandi hátt.

Sveitarstjórn er heimilt að falla frá kynningu ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Í kynningargögnum skal koma fram ef samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi. Í endanlegri greinargerð skal gera grein fyrir niðurstöðum þeirrar málsmeðferðar.

5.8. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

5.8.1. gr.

Breyting og endurskoðun deiliskipulags.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu.

Þegar um heildarendurskoðun á deiliskipulagi er að ræða, sem fellir eldri áætlanir úr gildi, þá skal framsetning og málsmeðferð vera sem um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Slíkri áætlun skulu fylgja skýringargögn sem lýsa hvaða áætlanir falla úr gildi og helstu breytingum sem gerðar eru frá fyrri áætlunum. Sama á við þegar eldri deiliskipulagsáætlunum er breytt í hverfisskipulag.

4. Mótsögn við gildandi ákvæði í deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, Ísafjarðarbæ er afmörkuð við reit 2. Að öðru leyti gilda öll ákvæði gildandi deiliskipulagsins. **Í því ljósi er gerð alvarleg athugasemd að mynduð sé mótsögn við þætti í gildandi deiliskipulagi með tillögum breytinga er snerta reit 2.**

Í greinargerð með deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði er Svæði A lýst sem skipulagsheild afmarkaðs svæðis sem tekur til Kirkjunnar, Safnahúss og umhverfi þess. Reitir 1, 2 og 6 í deiliskipulagi mynda þessa heild. Eftirfarandi orð eru notuð til lýsingar: „*svæðið er fullbyggt en opin svæði ófrágengin. Settir eru afmarkandi skilmálar um varðveislu skipulagsheildarinnar frá 1927, götumynd Túngötunnar (þ.m.t. útlit girðinga, gróður o.fl.) og umhverfi safnahússins*“.

Ekki er frá því komist að taka tillit til þeirra ákvæða um að svæðið sé fullbyggt og mikilvægi varðveislu gildis Túngötu og Safnahúss. Ekkert kemur fram í *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar*

2008-2020 sem að breytir þessari framsetningu og áherslu. Það telst mikið áhyggjuefni ef fordæmi eru sett fyrir því að byggt verði á Eyrartúni við Túngötu.

5. Siðferðisleg álitamál

Undirrituð gera alvarlegar athugasemdir við siðferðislegt háttæmi nefndarmanna skipulags- og mannvirkjanefndar við vinnslu og afgreiðslu í máli skipulagsbreytinga vegna mögulegs vanhæfis. Óskað er eftir að Ísafjarðarbær leiti **álits Siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á framgöngu nefndarmanna**, í samræmi við 4. mgr. í 29. gr. *Stjórnsýslulaga nr. 138/2011*. En þar segir að „Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim“.

Til rökstuðnings eru dregnir fram málavextir þar sem álitamál er hvort nefndarmenn hafi sýnt gott siðferði eða góða starfshætti.

505. fund skipulags- og mannvirkjanefndar þann 26. september 2018 sátu eftirfarandi nefndarmenn:

- Anton Helgi Guðjónsson
- Þóra Marý Arnórsdóttir
- Smári Karlsson
- Jóna Símónía Bjarnadóttir
- Ragnar Ingi Kristjánsson

Þriðja mál á dagskrá var **Deiliskipulag – Eyrarskjól – 2018050049**. Þar lagði nefndin til við bæjarstjórn að heimila að uppdráttur og greinagerð dags. 26.09.2018 verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Meðal nefndarmanna eru tveir einstaklingar sem að samkvæmt bókun hafa ekki þótt tilefni til að greina frá stöðu sinni gagnvart þessum breytingum og velja þeim steini hvort þau teldust vanhæf til aðkomu málsins. Jóna Símónía Bjarnadóttir er stafsmaður Safnahúss, en það var ekki lagt til álita fyrir nefndina hvaða hagsmuni hún gæti haft af þeirri tillögu að byggt yrði húsnæði undir starfsemi Safnahúss. Smári Karlsson er eigandi í Túngötu 12. Deiliskipulagsuppdrátturinn tekur til breytinga á lóð Túngötu 12, en þar er gert ráð fyrir stækkun byggingarreits um 39,1 m². Ekki er lagt til álita fyrir nefndina hvort mögulegir hagsmunir gátu haft áhrif á afgreiðslu nefndarmanns.

Jafnan er ekki hægt að útskýra þessa framvindu atburða á reynsluleysi nefndarmanna. Því fordæmi eru fyrir því á 503. fundi að nefndin bóki sérstaklega afstöðu sínu gagnvart þátttöku nefndarmanns í afgreiðslu á máli sem hefðu mögulega geta fylgt hagsmunaárekstrar.

5.1. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Ísafjarðarbæ

Athugasemdir vegna málsins ná til þess að möguleiki er á að nefndarmenn hafi ekki framfylgt Siðareglum kjörinna fulltrúa í Ísafjarðarbæ. Þá er sérstaklega bent á 5. gr. þeirra sem fjallar um hagsmunaárekstra og segir „Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hættu er á slíkum árekstrum ... Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Ísafjarðarbæ lýkur“.

Hér er því undirstungið ákall um gagnsæi í vinnubrögðum við opinbera stjórnsýslu. Sér skipulags- og mannvirkjanefnd fyrir sér að fylgja fyrrnefndum viðmiðum á réttu og röngu í framhaldinu? Með hvaða hætti mun nefndin haga störfum sínum þannig hún geti verðskuldað traust íbúa?


6. Óafturkræf áhrif á umhverfi og minjar

Undirrituð telja fullt tilefni til þess að óska eftir að Ísafjarðarbær **geri grein fyrir umhverfisáhrifum** vegna fyrirhugaðrar landnotkunar samkvæmt deiliskipulagsuppdætti og áhrif á aðliggjandi svæði. Í þeim efnum er sérstaklega óskað eftir að rýnt sé í menningararfleifð, þar með talið byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, sem og gera grein fyrir varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga.

Í ljósi þess að staðfest hverfisvernd ríki á stærstum parti á reiti 2 í hluta skipulags við Eyrartún og gengið sé á hana með verulegum stefnumarkandi breytingum **má ætla að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi óafturkræf áhrif**. Því er óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar á mati á umhverfisáhrifum og skipulagi.



Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir



Gautur Ívar Halldórsson